

1. fundargerð fjelagsins.

Menn voru mættir í barnaskólahúsi Miðneshrepps 27.10 1929. Tilefnið var að ræða stofnun verkalýðsfjelags. Gengið hafði verið með áskriftalista milli hreppsþúa í því skyni, með þeim árangri að tiltækilegt þótti að boða til fundarins og stofna fjelagið. Fundur var settur kl. 3 e.h. og voru þá mættir um 40 manns. Margir komu eftir að fundur var settur og lætur nærri að fundinn hafi setið 60 manns. Siguringi Hjörleifsson setti fundinn og bað um leyfi fundarmanna til að stýra þessum fyrsta fundi og var það fúslega veitt. Síðan nefndi hann Sig. Ól. fyrir ritara fundarins, sömuleiðis með leyfi fundarmanna. Siguringi var málshefjandi. Þakkaði hann fundarmönnum fyrst góðar undirtektir á þessu nauðsynjamáli, sem þeir nú sýndu með því að mæta svo fjölmennir. Síðan benti hann á hve afar nauðsynlegt það væri fyrir verkamenn að hafa samtök með sjer til verndar hagsmunum sínum. Hann benti einnig á það að inná starfsvið slíkra fjelaga gæti fleirra náð en kaupgjaldsmál ein. Og óskaði að þetta fjelag sem við værum nú að stofna mætti verða brautryðjandi framfara í þessu hreppsfjelagi og leggði lið hverju því framfara og nytjamáli sem orðið gæti hreppsþúum til heilla. Eftir að hafa ávarpað fundinn þannig las Siguringi frumtillögu til laga fyrir fjelagið, var það rætt og samþykkt lið fyrir lið með lítill breytingu á 4 gr. Lögin samþykktu fundarmenn í heild með því að standa upp. Þá las fundarstjóri upp kauptexta og vinnureglur fyrir fjelagið og var það samþykkt umræðulaust. Þá lá fyrir að kjósa formann og varaformann fyrir fjelagið fundarstjóri stakk uppá og mælti með þessum fjórum: Guðjóni Jónssyni, Einari Gestssyni, Birni Samúelssyni og Sigurði Ólafssyni. Fór þá fram leynileg atkvæðagreiðsla um þessa fjóra, þar sem ekki var stungið upp á fleirum. Úrslit urður þau að Guðjón Jónsson var kosinn formaður með 35 atkvæðum og Einar Gestsson varaformaður með 28 atkvæðum. Þessu næst fór fram kosning á meðstjórnendum, þessir átta voru í kjöri: Guðmann Grímsson, Gunnlaugur Einarsson, Arnoddur Jónsson, Björn Samúelsson, Jóhann Jónsson, Einar Jónsson, Gísli Eyjólfsson og Sigurður Ólafsson. Þessar kosningar fóru einnig fram leynilega. Kosningu hlutu: Guðmann Grímsson með 20 atkv og Sig Ólafsson með 23 atkv. og varastjórnendur þeir Björn Samúelsson með 10 atkv. og Jóhann Jónsson með 8 atkv. Endurskoðendur voru kosnir: Magnús Sigurðsson, Júlíus Eiríksson og Bjarni Jónsson. Í samninganefnd voru kosnir þeir Guðjón Jónsson, Björn Samúelsson, Sigurður Ólafsson og var henni falið að fara þá þegar um kvöldið til atvinnurekanda eða umboðsmanna þeirra og tilkynna þeim vinnureglur og kauptexta fjelagsins. Fundarstjóri ávarpaði nú hina nýkjörnu stjórn og bauð hana velkomna og árnaði henni heilla og góðs gengis í starfi sínu. Þá var ákveðið árstíllag til fjelagsins 5 kr. og mætti það greiðast í tvennu lagi ef vildi. Nú hafði fundurinn staðið liðugar 3 klst og virtust allir vera ánægðir með þennan fyrsta fund og þótti sem hann myndi spá góðu um framtíðina.

Nú var sungið: Hvað er svo glatt og fundi slitið

Sig.Ól. ritari